

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

fagnar að stjórnvöld vinni að nýrri menningarstefnu til næstu tíu ára og vonar að stefnunni muni fylgja fé og vel skilgreindar aðgerðir.

Gerðar eru þrjár athugasemdir við drög að nýrri menningarstefnu í Samráðsgátt stjórnvalda. Skjalið er nokkuð almennt og ágætt sem slíkt, en erfitt er að átta sig á áherslum, umfangi og forgangs röðun.

1. Til þess að stefnan sé skýr og nái að þjóna tilgangi sínum þarf að fylgja skilgreining á því hvað fellur innan ramma lista og menningar í íslensku samfélagi.
2. Hönnun og arkitektúr eru þverfaglegar starfsgreinar sem snúa að ólíkum þáttum; listum, menningu, fagurfræði, umhverfismálum, lýðheilsu, atvinnu- og efnhagslífi. Arkitektúr og hönnun eru stórar og mikilvægar starfsgreinar sem eiga heima í Menningarstefnu Íslands og því brýnt að þær séu skilgreindar sem hluti hennar. Engum fulltrúa hönnunar né arkitektúrs var boðið í vinnu við mótun stefnunnar.
3. Stefnunni fylgja ekki skilgreindar aðgerðir, fjármagn né forgagnsröðun og því erfitt að átta sig á því hvernig hún getur verið tæki til breytinga, hverju henni er ætlað að koma til leiðar og hvernig.

Fh. stjórnar Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs,

Kristján Örn Kjartansson,

arkitekt, formaður stjórnar

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir,

Innanhússarkitekt, varaformaður stjórnar

